

1863.

1863.

# 1. Lög um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi. 19. janúarm.

Vér Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjöllum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Frá 1. degi aprilmánaðar 1863 skulu embættismenn þeir á Íslandi, sem hér eru taldir, fá fyrst um sinn árlega launaviðbót, svo sem nú skal greint:

A. Embættismenn, er heyra undir dómsmálastjórnina:

Stiptamtmaðurinn . . . . .	400 rdl.
Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu . . . . .	300 —
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu . . . . .	700 —
Landfógetinn . . . . .	400 —
Forsetinn í landsyfirréttnum . . . . .	600 —
1. meðdómandi í landsyfirréttnum . . . . .	650 —
2. meðdómandi í landsyfirréttnum . . . . .	250 —
Landlæknirinn . . . . .	300 —
Læknirinn í eystra læknishéraði suðurumdæmisins . . . . .	400 —
Læknirinn á Vestmannaeyjum . . . . .	100 —
Læknirinn í syðra læknishéraði vesturumdæmisins . . . . .	400 —
Læknirinn í nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins . . . . .	100 —
Læknirinn í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum . . . . .	250 —
Læknirinn í Eyjafjarðar- og Þingeyjar sýslum . . . . .	250 —
Læknirinn í austurumdæminu . . . . .	100 —

B. Embættismenn, er heyra undir kirkju- og kennslustjórnina:

Biskupinn . . . . .	800 rdl.
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík . . . . .	250 —
1. kennari við prestaskólann . . . . .	300 —
2. kennari við prestaskólann . . . . .	300 —

1863.	1. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	200 rdl.
19. janúarm.	2. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	100 —
	3. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	200 —

## 2. gr.

Enn fremur veitast biskupinum 400 rdl. til skrifstofukostnaðar og landfógetanum 200 ríkisdala viðbót við skrifstofufé það, er hann hefir haft að undanförmu.

Aðstoðarfé það, sem veitt kann að verða í fjárlögum um fyrir árið 1863—64 með gjöldum Íslands, þeim er snerta kirkju- og kennslustjórnina, skal hækkað til 1100 rdl.

## 3. gr.

Launaviðbót sú, sem talin er í 1. grein, skal greidd ásamt hinum föstu launum, eptir reglunum um borgun embættislauna eptir kornverði í lögum 19. febrúarmánaðar 1861 um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum<sup>1)</sup>; og skal launaviðbótin greidd einungis þeim embættismönnum, sem nú eru í embættunum, eður verða skipaðir í þau embætti, sem nú eru laus.

## 4. gr.

Ef nokkrum af embættismönnum þeim, sem taldir eru í 1. grein, kynni að verða veitt biðlaun eður eptirlaun, sökum þess að breytt yrði því fyrirkomulagi, sem nú er á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu, þá skal launaviðbót sú, sem að ofan er nefnd, reiknuð með samkvæmt eptirlaunalögum 5. janúarmánaðar 1851, 3. grein, þegar ákveðin er upphæð biðlaunanna eður eptirlaunanna.

## 5. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð í seinasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

1) Hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum (19. febr. 1861), og þar á meðal þær ákvarðanir, sem hér er til vitnað, eru prentaðar hér að framan á 463.—468. bls.

Samkvæmt konungsúrskurði 5. nóvemberm. 1862 var lagt fyrir ríkisþingið, er þá stóð yfir, lagafrumvarp, er samið hafði verið í dómsmálastjórninni, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, og er frumvarp þetta með ástæðunum fyrir því þannig hljóðandi:

### Frumvarp til laga

um laun ýmsra embættismanna á Íslandi.

1. gr. Stiptamtmaðurinn fær í laun 2800 rdl.; bætast þar við 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu þangaðtil launin eru orðin 3400 rdl. Þar að auki veitast honum 400 rdl. á ári, sem þó engin eptirlaun reiknast af. Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu og amtmaðurinn í vesturumdæminu fá í laun 2000 rdl. hvor; bætast þar við 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum þangaðtil launin eru orðin 2800 rdl. Þar að auki fær stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu frían bústað og embættisjörð, en aptur á móti fær amtmaðurinn í vesturumdæminu eins og að undanfögnu í stað þessa 200 rdl. endurgjald á ári.

Landfógetinn fær í laun 1000 rdl. Þar að auki veitast honum 500 rdl. á ári í skrifstofukostnað og 150 rdl. í húsaleigustyrk eins og að undanfögnu.

2. gr. Forsetinn í hinum íslenska landsyfrrétti fær í laun 2000 rdl. og meðdómendurnir 1200 rdl. hvor; þar að auki fá þeir 200 rdl. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta ekki laun forsetans orðið hærri en 2800 rdl. og meðdómendanna 2000 rdl. á ári.

3. gr. Landlæknirinn fær í laun 1000 rdl. og héraðslæknarnir 600 rdl. hver; þar að auki veitist þeim 100 rdl. launaviðbót fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum; þó geta laun landlæknis ekki orðið hærri en 1400 rdl. og laun héraðslækna eigi hærri en 1000 rdl. á ári.

Landlæknirinn og héraðslæknarnir á Vestmannaeyjum, í syðra og í nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins halda framvegis húsaleigustyrk þeim, sem þeim hefir verið veittur að undanfögnu, en það eru 150 rdl., 30 rdl., 25 rdl. og 25 rdl.

1863.

4. gr. Biskupinn fær í laun 2800 rdl., þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þangaðtil launin eru orðin 3200 rdl. Enn fremur veitast honum 400 rdl. á ári í skrifstofukostnað, og eins og að undanfögnu 200 rdl. á ári í staðinn fyrir frían bústað.

Þangaðtil öðruvísi verður fyrirskipað um tekjur dómkirkju-prestsins í Reykjavík, veitist honum fyrst um sinn 250 rdl. viðbót á ári, auk þeirra 150 rdl., sem hann að undanfögnu hefir haft í húsaleigustyrk um árið.

5. gr. Forstöðumaður prestaskólans og skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík fá í laun 1600 rdl.; þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem þeir eru í embættunum, þangaðtil launin eru orðin 2200 rdl. á ári. Skólameistarinn fær þar að auki frían bústað í skólahúsinu, og forstöðumaður prestaskólans 150 rdl. á ári í húsaleigustyrk eins og að undanfögnu.

Yfirkennarinn við hinn lærða skóla fær í laun 1000 rdl.; þar við bætast 200 rdl. fyrir hver 5 ár, sem hann er í embættinu, þangað til launin eru orðin 1600 rdl. á ári. Undirkennararnir við prestaskólann og hinn lærða skóla fá í laun 500 rdl.; þar við bætast 100 rdl. fyrir hver 3 ár, sem þeir eru í embættunum, þangaðtil launin eru orðin 1000 rdl. á ári. Húsaleigustyrkur sá, sem að undanfögnu hefir veittur verið yfirkennaranum og nokkrum af undirkennurunum við hinn lærða skóla, fellur burtu.

Til borgunar fyrir umsjónarmannsstörf við skólann, fyrir söngkennslu og íþróttakennslu, og fyrir að leika á organ í dómkirkjunni og til launa handa dyraverði skólans veitast í einu lagi 1100 rdl. á ári; reiknist  $\frac{2}{3}$  af því fæ eptir kornverði, og borgist eptir því, sem ákveðið er í næstu grein hér á eptir.

6. gr. Af föstum tekjum í peningum (hvort sem það eru eiginleg embættislaun, sýslunarlaun og launaviðbót, veitt einstökum manni, eða fast gjald í peningum í staðinn fyrir skilleyri), sem veittar eru embættismönnum og sýslunarmönnum á Íslandi, þeim er fá laun sín úr ríkissjóði, skal reikna til korns 60 ríkisdali af hverju hundraði af fyrstu 5 hundruðunum, 40 ríkisdali af hverju hundraði af næstu fimm hundruðunum, 20 ríkisdali af

hverju hundraði af næstu fimm hundruðum, og að síðustu 10 ríkisdali af hverju hundraði af þeim næstu fimm hundruðum, er á eptir fara, á þann hátt, að 4 ríkisdalir séu taldir til jafns við eina korntunnu. Aðeins þann hluta peningagjaldsins skal reikna til korns, er nemur heilum korntunnum, en það, sem framyfir er, skal eigi með talið. Enn fremur skal nema svo af þeim hluta árslaananna, sem eptir ákvörðun þessari skal talinn embættismönnum til ágóða, að hann sé heilir ríkisdalir, er eigi standi á stökum, en það, sem framyfir er, falli burt.

Það korn, sem embættismenn eður sýslunarmenn eptir þessu eiga að fá, skal reiknað þeim í tekjur eptir meðalverði þeirra fjöggra korntegunda, er nú skal sagt: hveitis, rúgs, byggs og hafra, eptir verðlagsskrá þeirri, sem gildir um kornuppskeru hins umliðna árs, þannig, að hveitið sé metið eptir verðlagsskránni í Lálands- og Falsturs stípti, en rúg, bygg og hafrar eptir verðlagsskránni í Sjálands stípti.

Þó skal kornverð það, sem eptir þessu á að reikna í tekjur embættismana, aldrei sett hærra en 6 ríkisdalir, og aldrei lægra en 4 ríkisdalir á hverri tunnu. Það skal greitt þeim ásamt með öðrum launum þeirra, og á sama hátt og þau.

7. gr. Ákvarðanirnar í 6. grein eiga ekki við:

1. Um þá embættismenn og sýslunarmenn, sem hafa aðal-laun sín af aukatekjum, afnotum jarða, tekjum, er greiddar eru í skileyri, eða öðrum þeim hlutum, er ætla má að hafi hækkað í verði eptir því, sem kringumstæðurnar hafa breytt, og eigi um þann hagnað, er embættismenn og sýslunarmenn hafa af slíkum hlynnindum.

2. Um það fé, sem greitt er í þóknunarskyni, og það sem borgað er af aðstodarfé því, sem um er getið í 5. grein.

8. gr. Þá er ákveðin eru eptirlaun, skal launaviðbót sú, sem menn fá eptir 6. grein, ekki talin með.

9. gr. Útreikningur þeirrar launaviðbótar, sem embættismenn og sýslunarmenn fá eptir 6. grein, og viðbótar þeirrar eptir kornverði, sem um er rætt í 5. grein, skal lagður fyrir fjárstjórnarráðgjafa konungsríkisins, áður nokkru megi ávísá eptir lagagreinum þessum, og skal svo búið standa við ákvörðun

1863.

Þessa ráðgjafa, og má eigi skjóta henni undir atkvæði dómstólanna.

10. gr. Sérhver embættismaður, er föst laun hefir úr almennum sjóði og settur er til að gegna öðru embætti, er einnig fylgja fastar tekjur, um tímabil, er eigi nemi meiru en 6 vikum, fær enga sérstaklega borgun fyrir það auk launa þeirra, er hann hefir haft; en þurfi hann fyrir þá sök, að hann er settur til að gegna embættinu, að fara burt þaðan, sem hann átti fasta dvöl, á hann heimting á ferðakostnaði og fæðispeningum. Sè hann settur til að gegna embættinu um lengri tíma en nú var sagt, þá fái hann í þóknun mismuninn milli hæsta launastigs í þeim flokki embættislauna, er hann heyrir undir, og lægsta launastigs í þeim flokki, sem það embætti er í, sem hann um stundarsakir er settur í.

Nú er einhver settur til að gegna embætti, og gegnir jafnframt því embætti, sem hann áður hefir verið skipaður í, þá skal hann missa svo mikils í af laununum samanlögðum fyrir embættin eður sýslanirnar, sem svarar helmingi hinna minni launanna, þó ber að álíta sem þóknun þá upphæð, er hann eptir þessu fær framyfir þau embættislaun, er hann hefir áður haft. Sèu laun þau, sem lögð eru öðru hverju af embættum þeim, sem um stundarsakir eru þannig sameinuð, eður báðum embættunum, að nokkru eður öllu leyti óvissar tekjur, þá skal farið eptir því, hve miklar tekjurnar hafa verið 5 árin síðustu að meðaltali, er jafna skal saman tekjum þeirra og heimfæra til þeirra reglu þá, sem hér er fyrir skipuð.

11. gr. Nú hefir einhver meiri laun en heyrir embætti hans eptir lögum þessum, þá heldur hann því, sem framyfir er, sem launaviðbót, er honum sè veitt fyrir sína embættistíð. Launaviðbót, sem mönnum er veitt fyrir sína embættistíð, hverfur eptir því, sem launin vaxa við það, er menn fá viðbót fyrir embættisþjónustu.

12. gr. Lög þessi fá gildi 1. dag aprílm. 1863, og skulu þau endurskoðuð áður lokið sè fjárhagsárinu 1865—66.

### Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Á 11. ríkisþingi var lagt fyrir fólksþingið frumvarp til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, og leiddu þá umræðurnar um frumvarp þetta til þeirrar niðurstöðu, að þingið fella á breytingaratkvæði, er gjört var við 2. umræðu málsins, um að lög 30. desembermánaðar 1858 um borgun embættislauna og annara launa fjárhagsárið 1859—60 skyldu fá gildi fjárhagsárið 1860—61, að því er snertir hlutadeigandi embættismenn og sýslunarmenn á Íslandi, og kom breytingaratkvæði þetta út sem lög 24. aprílm. 1860; smbr. ríkisþingstíð. frá 11. þingi, viðbæti A 627.—644. dálk, viðbæti B, 553.—554. dálk, fólksþingstíð. 4129. dálk og hina eptirfylgjandi, 4234. dálk og landsþingstíð. 1799. dálk.

Eptir því, sem fram kom við umræður málsins á þinginu, verður að álita, að málið hafi fengið þau úrslit, er það fékk, fyrir þá sök, að alþingi, er gefinn hafði verið kostur á að segja álit sitt um málið, hafði farið fram á, með 14 atkvæðum móti 10, að frumvarpið kæmi eigi út sem lög fyrir Ísland, heldur skyldu ákvarðanir þess um launabót embættismana með tilhlýðilegum breytingum teknar upp í fjárhagslögin á ári hverju, eður málinu og hagað til á annan hagkvæman hátt, meðan fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins er eins og það nú er.

En frá alþingi, er haldið var árið 1861, kom þegnleg bænarskrá, og fór þingið í henni með 16 atkvæðum fram á:

1. að þeim embættismönnum á Íslandi, er þiggja laun sín úr ríkissjóði, verði veitt fullt jafnrétti í launum við samkynja embættismenn í Danmörku; þó þannig, að landlæknirinn byrji með 1200 rdl. og fái launaviðbót fyrir hver 3 ár, er hann þjónar embættinu, uns laun hans eru orðin 1600 rdl., og að dómkirkjupresturinn í Reykjavík fái 300 rdl. launaviðbót úr ríkissjóði auk húsaleigustyrks þess, er hann nú fær.
2. að sú launabót, sem veitt verður embættismönnum þessum, sé ákveðin svo fljótt, að þeir fái hana frá byrjun aprílmánaðar 1862.

Enn fremur hafa komið til stjórnarinnar kröptugar bænar-

1863.

skrár frá embættismönnum á Íslandi um launabót, með meðmælingum hlutadeigandi yfirvalda, og er í þeim einkum tekið fram, að á síðari árum, og einkum síðan verzlunarfrelsið komst á, hafi ástandið á Íslandi tekið þeim umskiptum, að ávallt verði erviðara og erviðara fyrir embættismenn þá, er hafi fóst laun, að komast af með laun sín, er hafi verið ákveðin fyrir löngu síðan og á þeim tíma, þegar lífskjör manna voru mjög frábreytt því, sem þau eru nú, og hinn mikli mismunur, sem nú sé á launum danskra og íslenzkra embættismana, þeirra sem eru í sömu eður áþekkri stöðu, gegni enn meiri furðu, þegar aðgætt sé, að sömu hæfilegleika þurfi til að verða embættismaður á Íslandi eins og í Danmörku, og að embætti á Íslandi að öllum jafnaði séu miklu erviðari en samsvarandi embætti í konungsríkinu.

Þar sem svo er ástatt, sem nú hefir sagt verið, þótti vera öflug hvöt til að leitast við að útvega embættismönnum á Íslandi viðbót við laun þau, er þeir nú hafa og eru ónóg, og virtist vera því meiri ástæða til þessa, sem það á síðari tímum hefir reynzt ómögulegt að fá menn í ýms embætti á landinu. Þetta á einkum við um læknaembættin, því nú sem stendur eru þrjú þeirra-óskipuð, fyrir þá sök, að enginn hefir um þau sótt, er hæfur sé til að fá þau, og hið konunglega heilbrigðisráð hefir lýst því yfir, að meðan embættislaunin séu óbreytt, verði ekki við því búizt, að neinn danskur kandiðat í læknisfræði sæki um embætti þessi. Það sem í þessu máli verður að taka til greina er því ekki einungis það, að embættismennirnir eru þurfandi fyrir að fá bót á kjörum sínum, á líkan hátt og embættismenn í konungsríkinu þegar hafa fengið, heldur verður og að hafa tillit til embættanna sjálfra, að menn geti í þau fengizt.

Að vísu verður því eigi neitað, að nú sem stendur er eigi sem hentugastur tími til að hreifa máli þessu, með því enn er eigi búið að útkljá fjárhagsmálið milli Íslands og konungsríkisins; en jafnvel þó þegar séu fram komnar ákveðnar uppástungur frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið til að íhuga málefni þetta, þá á það mál eigi að síður enn svo langt í land, að virðast má óráðlegt að frestað sé launamálinu þangaðtil það verði leitt til lykta fyrir fullt og allt.



Þess skal getið, að samið hefir verið við kirkju- og kennslustjórnina að því leyti, er snertir þá embættismenn á Íslandi, er heyra undir það stjórnarráð; einnig skal það tekið fram, að með tilliti til þeirra ábrifa, er sú breyting, sem ef til vill yrði gjörð á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins, kynni virðast eiga að hafa í för með sér, þá hefir svo verið ákveðið í síðustu grein frumvarpsins, að lögin skuli endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1865—66.

Að öðru leyti skal skýrskotað til þeirra ástæðna, er fylgdu lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir hið 11. ríkisþing, en um sérstakar greinir frumvarps þess, sem hér er fyrir hendi, skulu aðeins gjörðar eptirfylgjandi athugasemdir:

Um 1.—3. grein.

Greinir þessar eru yfir höfuð samkvæmar frumvarpi því, er lagt var fyrir hið 11. ríkisþing, að því, er snertir upphæð launanna, nema hvað hæsta stig embættislauna þeirra, sem ætluð eru forsetanum í hinum íslenska landsyfirrétti, er fært niður um 200 rdl., svo að embættismaður þessi nær hæsta launastigi þegar hann er búinn að vera 20 ár í embættinu, á sama hátt og amtmennirnir og meðdómendurnir í landsyfirrættinum. Í 1. grein hefir verið sett bein ákvörðun um, að stiptamtmaninum og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu veitist frí bústaður og embættisjörð, en af því leiðir, að stiptamtmaðurinn verður hér eptir laus við að greiða vöxtu af og halda áfram að borga aptur lán það, sem veitt hefir verið stiptamtmannsembættinu til kostnaðarins við aðaladgjörð á stiptamtmannshúsinu, og í upphafi var 4,486 rdl. 7 sk. að upphæð.

Í 1. grein er einnig sett ákvörðun um skrifstofufé handa landfógeta, og er stungið upp á, að það sé hækkað til 500 rdl. á ári. Í lögum 21. janúarm. 1857 var ákveðið, að það skyldi vera 300 rdl. á ári. En sá maður, sem nú er landfógeti, hefir í bænarskrá til dómsmálastjórnarinnar farið þess á leit, að fé þetta verði hækkað til 700 rdl., er hann hefir metið skrifstofukostnaðinn við landfógeta- og bæjarfógetaembættið í einu lagi til hér um bil 950 rdl., og þann skrifstofukostnað, er snertir bæjarfógetaembættið, til hér um bil 250 rdl. á ári. Stiptamt-

1863.

maðurinn yfir Íslandi hefir mælt fram með bænarskrá þessari, og einnig hefir sá maður, er var landfógeti næst á undan þeim, sem nú er í embættinu, eptir að skorað hafði verið á hann að segja álit sitt um þetta, lýst því yfir, að með því nauðsynlegt sé að hafa 2 fasta skrifstofuhjóna við landfógeta- og bæjarfógetaembættið sameinað, og nota þó töluvert aukaskrifara, þá verði eigi skrifstofukostnaður við bæði embættin metinn lægra en gjört sé í bænarskránni, og sá skrifstofukostnaður, er snerti bæjarfógetaembættið, geti eigi orðið metinn lærra en 300—350 rdl., svo að skrifstofukostnaðurinn við landfógetaembættið verði að minnsta kosti 600—650 rdl. En í þessum reikningi er ekki haft neitt tillit til, að landfógetanum, einmitt sem landfógeta, eru veittir 150 rdl. á ári í húsaleigustyrk, þar sem þó það atriði ætti að koma hér til greina, og hefir því svo þótt, sem landfógeti mundi verða skaðlaus, ef skrifstofukostnaðurinn væri metinn til 500 rdl. á ári. Þess skal getið, að réttara þótti að setja ákvörðun um þetta atriði í þessi lög, en að semja um það sérstakleg lög.

#### Um 4.—5. grein.

Í frumvarpi því, sem að ofan er getið, er áður var lagt fyrir ríkisþingið, var svo ákveðið um laun biskups, að þau skyldu í upphafi vera 2800 rdl., en svo skyldu þau aukast um 200 rdl. fyrir hver 5 ár, er hann væri í embættinu, þangaðtil þau væru orðin 3400 rdl.; þar að auki skyldu honum veittir 200 rdl. í staðinn fyrir frían bústað. Á þessu er nú gjörð sú breyting, að hæsta stig launanna er fært niður í 3200 rdl., en eptir bænarskrá um það efni frá biskupi eru aptur á móti til færðir 400 rdl. í skrifstofufé á ári til biskupsembættisins, en því embætti hefir eigi áður verið ákveðið neitt skrifstofufé, jafnvel þó biskupinn á Íslandi hljóti að hafa og ávallt að undanfögnu hafi haft töluverðan kostnað til skrifstofu, til þess að geta komið af embættisstörfum þeim, sem heyra undir embætti þetta.

Aðstoðarfé það, sem til er fært í niðurlagi 5. greinar, hefir verið aukið um 100 rdl. fyrir þá sök, að laun dyravarðarins hafa verið hækkuð frá 200 rdl. til 300 rdl. síðan frumvarpið til launlaganna áður var lagt fyrir ríkisþingið.

## Um 6.—10. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum 19. febrúarm. 1861 hafa þegar verið álitnar einnig að gilda um embættismenn á Íslandi, að því leyti sem þær geta átt þar við; en þegar út eiga að koma sérstakleg íslenzk launalög, þótti réttast að setja einnig í þau hinar almennu ákvarðanir úr greindum lögum, sem geta átt við um íslenzka embættismenn, til þess allt það, er snertir laun þessara embættismanna, sè til á einum stað.

Mál þetta kom fyrst til umræðu í fólksþinginu, og var þar gjörð veruleg breyting á frumvarpinu að forminu til; því við aðra umræðu málsins féllst þingið á breytingaratkvæði nefndar þeirrar, er skipuð hafði verið í málið, en breytingaratkvæði þetta hneig að því, að veita hlutaðeigandi embættismönnum laun þau, er stungið var upp á í frumvarpi stjórnarinnar, en ekki sem ný laun í heild sinni, heldur á þann hátt, að þeim væri veitt slík viðbót við laun þau, er þeir nú hafa, að þeir í raun og veru næsta fjárhagsár fái þau laun, sem stungið var upp á handa þeim í frumvarpinu. Af þessu leiddi og, að fyrirsögn laganna var breytt þannig: „lög um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi“; þetta nýja frumvarp var síðan samþykkt í báðum þingdeildum ríkisþingsins eins og það hafði verið samþykkt við aðra umræðu málsins í fólksþinginu, nema hvað ein lítilfjörleg breyting var á því gjörð.

Örsökin til að stungið var upp á og fallizt á breyting þá á stjórnarfrumvarpinu, sem að ofan er frá skýrt, var sú, að ekki þótti rétt að ríkisþingið legði samþykki á heil ný launalög fyrir embættismenn á Íslandi, þó lög þau aldrei væru nema brúðabyrgðarlög, nú á þessum tíma, er líklega horfir við, að breyting muni verða á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu, með því mönnum varð að þykja úkjósanlegt, að staða hins íslenzka alþingis yrði svo óbundin, sem unnt væri, með tilliti til allra þesskonar málefna þegar breyting þessi yrði gjörð. Á hinn bóginn urðu menn að játa, að brýn nauðsyn ber til, að bætt sèu laun embættismanna á Íslandi, þeirra er fá föst laun úr ríkissjóði, og með því ekkert verulegt þótti

1863.

vera á móti launahækkun þeirri, sem stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu, þá var sá útvegur kosinn, sem að ofan er á vikið, er hann þótti hagfelldastur til að geta komið á launabót þessari, en kemur þó eigi í bága við breyting þá, sem er í vændum.

Eigi að síður hefir form það, er ríkisþingið hefir við haft, haft nokkur áhrif á efni laganna; því reyndar verður, eins og áður er sagt, launaupphæðin á næstkomanda fjárhagsári hin sama eptir lögum þeim, er ríkisþingið hefir fallizt á, og eptir stjórnarfrumvarpinu fyrir embættismenn þá, sem nú eru í embættunum og hin lausu embætti; lögin og frumvarpið eru hvoru-veggi jafnt til bráðabirgða og byggð á reglunum um útborgun launa eptir kornverði og um launaviðbót fyrir embættisþjónustu; en sá er munurinn, að eptir lögum þeim, er ríkisþingið hefir fallizt á, er launaviðbótin aðeins veitt þeim mönnum, sem nú eru í embættunum, og þeim, sem skipaðir verða í þau embætti, sem nú eru laus, en aptur á móti ekki þeim, sem skipaðir yrðu í þau embætti, sem kunna að losna á því tímabili, sem gjört er ráð fyrir að líða muni þangaðtil fjárhagsbreytingin kemst á; enn fremur eru reglurnar um launaviðbót eptir embættisaldri einungis gjörðar gildandi fyrir fjárhagsárið 1863—64, jafnvel þó ýms tilfelli komi fyrir hin eptirfylgjandi fjárhagsár á þessum millibilstíma, sem endar með fjárhagsárinu 1865—66, þar sem spurning verður um slíka launaviðbót, ef hlutaðeigandi embættismenn lifa; og loksins er sá munur, að þarsem embættismennirnir eptir frumvarpi stjórnarinnar sjálfsagt áttu rétt til eptirlauna samkvæmt eptirlaunalögunum af launum þeim, sem stungið var uppá handa þeim, þá er í 4. grein í lögum ríkisþingsins einungis veitt eptirlaun af launaviðbótinni í einu tilfelli, en það er þegar einhverjum af embættismönnum þeim, sem nefndir eru í 1. grein, yrði veitt biðlaun eður eptirlaun sökum þess, að breytt yrði því fyrirkomulagi, sem nú er á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu. Þegar öðruvísi er ástatt hefir ríkisþingið aptur á móti eigi viljað láta viðbótina hafa áhrif á eptirlaunareikninginn, með því hún á þann hátt fengi meiri festu fyrir embættismennina og kæmi þannig í

bága við grundvallarreglu laga þessara, en hún er sú, að málefni þessu að eins sé skipað öldungis til bráðabirgða.

En af nefndarálitinu og af umræðunum um málið í fólksþinginu er það ljóst, að enginn efi getur verið á því, að ef stjórnin leitar ríkisþingsins, þegar svo er ástatt sem fyr er getið, að lög þau, sem þingið hefir fallið á, mismuna að efni til frá stjórnarfrumvarpinu, þá mun þingið sýna alla þá tilhlýðunarsemi, er sanngirni og kringumstæður heimta, og með því stjórnin þannig gat verið viss um að geta, þegar þesskonar tilfelli bera að höndum, með aðstoð ríkisþingsins burtrýmt þeim ójöfnuði eða ósanngirni, sem á millibilsárunum kynni að koma fram í embættislaunum og eptirlaunum, þá virtist dómsmálastjórninni ekkert vera því til fyrirstöðu að fallast á lög þau, er ríkisþingið samþykkti, og það því fremur, sem ná má tilganginum nokkurnveginn viðunanlega með þeirri aðferð, sem ríkisþingið hefir við haft.

## 2. Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á 19. janúarm. Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstaði við Papafjarðarós í Skaptafells sýslu í suðurumdæminu, við Straumfjörð í Mýra sýslu og á Skeljavík í Stranda sýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það hér eptir leyft vera að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stöðum með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaböði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlútaðeigendur sér þegnlega að hegða.